

## Læsis og æfingaspil

Þetta skemmtilega spil er algjörlega hugmynd tveggja fimm ára gamalla stúlkna í Nóaborg. Einn morguninn báðu þær um stórt blað og tússliti og teiknuðu upp spilið (sjá myndir á næstu síðu). Þær fengu síðan aðstoð við að gera spjöldin sem á að draga og við að plasta spilið.

### **Efni:**

Hlið úr pappakassa eða annar þykkur pappi

Hvítt karton í stærð A2

Spjöld úr kartonpappír fyrir spilið en á þau er skrifað hvað á að gera

Tússlitir

Bókaplast

Karfa eða annað ílát undir spjöld, spilakarla og tening

### **Aðferð:**

Teiknaðir upphafs- og endareitir. Stelpurnar teiknuðu hjörtu í mismunandi litum sem eru spilareitirnir og skrifuðu tölustafi í réttri röð frá 1 inn í hvert hjarta. Þær höfðu sum hjörtun þykkari og virka þau þannig að ef lent er á þeim á að draga spjald og framkvæma það sem stendur á spjaldinu. Þær teiknuðu tvo ramma fyrir spjöldin og annar er fyrir æfingaspjöld en hinn fyrir læsispjöld. Á æfingaspjöldin var t.d. skrifað:

Hoppaðu 5 sinnum á öðrum fæti, hoppaðu fram og til baka 10 sinnum, hlauptu inn í sal og klifraðu upp og niður rimlana, rúllaðu bolta á milli o.m.fl. Á læsispjöldin var t.d. skrifað: Hver er fyrsti stafurinn í nafni mömmu þinnar, hvað eru margir stafir í nafninu þínu, hvað rímar við prestur, stappaðu atkvæðin í nafninu þínu o.m.fl.

### **Spilið:**

Tveir til fjórir spila saman og gera til skiptis. Teningi kastað og þegar lent er á þykku hjarta er valið hvort æfingaspjald eða læsispjald er dregið. Síðan á að framkvæma það sem þar stendur og spilið heldur svo áfram. Sigurvegarinn er sá sem fyrstur kemur á endareitinn.



STAPPADU ATRVÆÐIA Í NAFLINGU ÞÍNU	HOPPADU AFTURBAR ÍG SINGUUM
HVAÐ EÐU MÆRÐIE STAFIR Í NAFLINGU ÞÍNU?	HLAUPIU INN Í SÁL OG KLIFRADU LIPP OG KLÍBUR RINLANNA
HVAÐA STAFUR ER FYRSTUR Í NAFLI MÖMMU ÞÍRAR?	HOPPADU TIL KENNARA OG GEFDU HÖNUM FIMMUR
KLAPPADU ATRVÆÐIA Í NAFLINGU ÞÍNU	HOPPA FEAM OG TIL BÁKA ÍG SINGUUM
HVAÐ RÍMAR VIÐ <u>PRESTUR</u> ?	HOPPA A ÖÐRUM FÆTI 5 SINGUUM
BRÖSTU STÖRT BRÖS	Á HVAÐA STAF BYRJAR NAFLIA ÞITT?